

Kennsluáætlun í íslensku

Hæfnisviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum, **talað mál, hlustun og áhorf, lestur, ritun og málfræði**. Mikilvægt er að samþætta íslenskukennslu og vinna að markmiðunum í öllum flokkum til þess að glæða áhuga nemenda og auka skilning þeirra á því, að íslenskunám er ein heild. Í Aðalnámskrá grunnskóla 2013 segir: „Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli“.

Íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal námsgreina skólans, vegna þess að skólinn er virkur þátttakandi í máluppeldi barna ásamt heimilunum. Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar.

Námsáætlun gerir ráð fyrir að unnið sé að markmiðunum í öllum greinum íslenskunnar. Markviss samþætting er í íslensku og samfélagsfræði.

Einstaklingsmiðað nám er í íslensku og nemendur eru á ólíkum stöðum í námsefninu.

Tími	Hæfniviðmið Við lok 3. bekkjar getur nemandi	Leiðir	Námsþættir/viðfangsefni	Kennslugögn	Námsmat
10. janúar – 8. apríl	Talað mál, hlustun og áhorf <ul style="list-style-type: none">Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.Hlustað og tekið vel eftir þegar aðrir tjá sig.Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.Endursagt efni sem hann hlustaði á.	Paravinna, Hópavinna, Stöðvavinna og umræður	Upplestur, kórlestur, umræður, orðskýringar, leikræn tjáning og endursögn.	Sögur: Blómin á þakinu, Helgi skoðar heiminn, Kuggur í sveitinni. Ljóð tengd sveit og tengd sögurammanum Sveitin í náttúru- og samfélagsgreinum.	Einstaklingsmat á ljóðakunnáttu. Hraðlestrarpróf.

Kennsluáætlun er byggð á Aðalnámskrá 2013, Skólaárið 2021-2022 Ágústa Gunnarsdóttir, Halla Jónsdóttir, Magnea Sigurðardóttir, María M Sigurðardóttir birt með fyrirvara um breytingar.

10. janúar –
8. apríl

Lestur/ Byrjendalæsi

- Valið sér lesefni sem hæfir og lesið sér til ánægju og skilnings.
- Aflað sér upplýsinga úr bókum og af netinu.
- Lesið og skilið texta við hæfi.

Leitarlestur, sérhljóðar, rím, greinarmerki, orðatiltæki, orðaforði, stór og lítill stafur.

Verkefna- og úrklippubók, Lesrún, Setningar og málsgreinar og stílabækur.
Bækur í byrjendalæsi: Blómin á þakinu, Helgi skoðar heiminn, Kuggur í sveitinni.

Lesfimi.
Lesskimunarpróf.

10. janúar –
8. apríl

Ritun/ Byrjendalæsi

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega,
- Samið texta.
- Beitt einföldustu stafsetningar- og greinarmerkjasetningum

Lykilorð, orð úr orði, orð í orði, orð af orði, sögugerð, endursögn, enduruppbygging, söguvegur og leikræn tjáning.

Sögubókin mín, Ritrún og byrjendalæsisbækur: Blómin á þakinu, Helgi skoðar heiminn, Kuggur í sveitinni og verkefni tengd þeim.

Heimaverkefni í sögugerð.
Sjálfsmat.

10. janúar –
8. apríl

Málfræði

- Þekkt bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein
- Raðað í stafrófsröð
- Búið til málsgreinar.

Orðflokkar, fallbeyging, kyn, greinir og tala. Andheiti, samheiti og samsett orð. Setning og málsgrein.

Setningar og málsgreinar, Lesrún og stílabækur.

Einstaklingsverkefni í réttritun.